

VÍN, Vinir íslenskrar náttúru  
Kt. 6112221570

Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Selfossi 19. febrúar 2024

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu**

Vísað er til samráðsgáttar stjórnvalda um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu í samræmi við markmið laga um landgræðslu 155/2018 og í samræmi við 11. grein sömu laga, með áorðnum breytingum nr. 66/2023. Eftirfarandi umsögn er gerð í nafni félags um náttúruvernd VÍN, Vinir íslenskrar náttúru, sjá nánar [www.natturuvinir.is](http://www.natturuvinir.is).

Fyrir okkur öll sem unnum náttúru og gæðum landsins er það mikið fagnaðarefni að þessi drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu skuli nú vera komin aftur til kynningar í samráðsgátt, fimm árum frá eftir að lög um landgræðslu voru samþykkt á Alþingi.

Allt frá því fyrst voru sett lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands árið 1907, nr. 54, 22. nóvember, hefur aldrei verið sett reglugerð um gildandi lög um landgræðslu. Rétt er að vekja athygli á því að þessi drög sem hér eru kynnt í samráðsgátt varða eingöngu sjálfbæra landnýtingu en fjalla ekki um fjölmörg önnur atriði er lög um landgræðslu taka til. Rík ástæða er til að setja reglugerð um framkvæmd laganna í heild sinni, eins og til dæmis um endurheimt og uppbyggingu náttúrulegra vistkerfa, stuðning við landgræðslu, varnir gegn landbroti og fleira.

Ábendingar við einstakar greinar reglugerðarinnar:

2. grein  
*Orðskýringar*

Orðskýringar – eru yfirleitt vandaðar, en nokkrar þeirra eins og skýring á sjálfbærri landnýtingu bera þess merki að það er búið að deila fram og til baka um textann og setja inn óásættanlegar málamiðlanir sem nánar verður vikið að hér á eftir.

1. *Akuryrkja*: Það er fráleitt að hafa ekki ræktun túna inn í skilgreiningu á akuryrkju. Allir stærri kornbændur stunda skiptirækt í sinni akuryrkju og túnræktin varir yfirleitt ekki lengur en þrjú ár og er því órjúfanlegur þáttur í akuryrkju. **Lagt er til að setningin verði:** *Nýting lands til framleiðslu einærra og fjölcærra nytjajurta með o.s.frv.*

2. *Áburðarefni*: Næringarefni nytjaplantna eru alltaf frumefni eða efnasambönd. Það er því ekki hægt að undanskilja næringarefni. **Lagt er til að setningin verði:** *Frumefni, efnasambönd og önnur næringarefni, sem nytjajurtir nýta til vaxtar og viðhalds.*

5. *Beitarland* : Hér ætti að nota hugtakið *beitiland*, sem er skiljanlegt öllum þeim er munu lesa reglugerðina.

Stöðugt og uppskeruríkt land sem ... Gerð er athugasemd við að land verði að vera uppskeruríkt til að flokkast undir beitarland. **Lagt er til:** *Land með stöðugu, grónu yfirborði sem nýtt er til beitar húsdýra.* Enn fremur er brýnt að skilgreina/skýra hugtakið graslendi. Það er til dæmis reginmunur á þeirri merkingu sem flestir bændur hafa á hugtakinu og svo hins vegar þorri fræðimanna.

9. *Landhnignun*: Brýnt er að skilgreina hugtakið líffræðileg fjölbreytni og hvernig það skuli vera mælt og eða metið. Við skilgreiningu á líffræðilegri fjölbreytni er nauðsynlegt að vísa til skilgreiningar hugtaksins með vísun til samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem miðar að því að vernda náttúrulegt lífríki eins og hægt er. Þetta er mikilvægt bæði til að undirbyggja endurheimt náttúrulegra vistkerfa og til að velkjast ekki í vafa um muninn á ræktarlandi (oft notast við framandi tegundir) og náttúrulegum vistkerfum. Sjá m.a. vísun í alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist í 4. gr. þessarar reglugerðar.

13. *Opinn akur*: Bent er á að þar sem túngrösum hefur verið sáð í akur líður talsverður tími þar til sáðgrösin ná að binda yfirborðið. Lagt er til að bæta við setninguna: eða nytjaplöntur eru ekki búnar að þekja yfirborðið. Lagt er til að í stað orðsins „jarðvinna“ komi hugtakið jarðvinnsla eins og það er í 6. lið 7. greinar og í Viðaukum reglugerðarinnar. Akuryrkjubændur skilja orðið jarðvinnsla en hugtakið jarðvinna er miklu víðtækara og felur meðal annars í sér skurðgröft og uppýtingu vega og reyndar líka jöfnun á skurðruðningum út á akra og jöfnun jarðvegs á ökrum, sem flokkast ekki undir jarðvinnslu.

14. *Óvarinn akur*: Einhverjir mun hártoga þessa skilgreiningu og segja að óvarinn akur sé ekki girtur af fjárheldri girðingu. **Lagt er til að orðskýringar nr. 13 og 14 verði sameinaðar í:** *Opinn akur: Akur þar sem jarðvinnsla hefur átt sér stað en ekki hefur verið sáð í hann, eða að nytjagrös hafa ekki náð að þekja yfirborðið og uppskeruleifar síðastliðið uppskerutímabil ná ekki að verja jarðveginn fyrir vind- og vatnsrofi.*

### 3. grein *Sjálfbær landnýting.*

VÍN vill benda á að annað hvort fjallar þessi grein og reglugerðin í heild sinni um sjálfbæra landnýtingu eða ekki. Það er ótækt að setja reglugerð um að landnýting skuli fylgja ákveðnum reglum í sambandi við umgengni við land og svo skuli megin markmiðsgrein reglugerðarinnar innihalda orðalaga eins og ... **og þær endurheimtar eins og unnt er.** Þessi mls. 1. setningar greinarinnar ber þess glögg merki að við gerð hennar hafi hagnunaaðilar sem komið hafa að henni ekki viljað taka á sig fulla ábyrgð

hvað varðar umgengni við land og nýtingu þess. Fyrrgreint orðalag er alltof matskennt og getur leitt til eilífs ágreinings um hvað sé hægt að gera, hvernig eigi að fara með land og hvar ábyrgðin liggur. Af reynslu margra undanfarinna ára er líklegt að slæm meðferð á landi leiði til dómsmála þar sem krafist er umbóta á landnýtingu t.d. af hálfu ríkisins/stofnana/sveitarstjórna eða náttúruverndarfélaganna. Fullyrða má að matskenndar setningar eins og sú sem hér um ræðir leiði ekki til annars en að slík mál tapist. **Lagt er til:** og þær endurheimtar nægjanlega og varanlega að mati Lands og skógar í samræmi við reglugerð þessa og lög um landgræðslu.

#### 4. grein

*Upplýsingar um nýtingu og ástand lands.*

**Lagt er til að heiti greinarinnar verði** *Upplýsingar um ástand lands*. Þar sem ekki er fjallað um nýtingu lands í greininni. **Fyrsta setning verði:** *Land og skógur metur ástand lands og árangur af aðgerðum í gróður- og jarðvegsvernd .... og svo framvegis.*

#### 6. grein

*Viðmið vegna beitarnýtingar.*

Varðandi 3. lið þá verður að skilgreina betur hvað sé ásætlanlegt ástand miðað við viðmiðunarsvæði.

#### 7. grein

*Viðmið vegna akuryrkju.*

Eðli málsins samkvæmt þá eru þessi tilgreindu viðmið afar óljós og erfið í mati.

**Varðandi 4. lið** er lagt til að í stað þess að segja „og efla lífrænt efni í jarðvegi“ komi „og auka lífrænt efni í jarðvegi“.

**Varðandi 6. lið þá er lagt til að sleppa orðinu forðast.** Það er með nær öllu óhugsandi að landeigandi verði óhjákvæmilega að stunda jarðvinnslu á þessu tímabili árs. Lagt er til að umrætt tímabil verði miðað við 1. september til 1. apríl. Ef akuryrkjubóndi er að stunda jarðvinnslu í október þá stendur hlutaðeigandi akur óvarinn allan veturinn, sem er andstætt reglugerðinni. Jarðvinnsla í mars er nánast óhugsandi vegna bleytu og eða frosts í jörðu.

**Varðandi 7. lið er eftirfarandi lagt til:** *Ekki skal skilja akra eftir opna og óvarða yfir vetur að undanskildum ökrum í garðyrkju, þar með talin í kartöflurækt.*

**Varðandi 8. lið er lagt til að sleppa niðurlagi setningar og setja punkt á eftir 1. apríl.** Það er nær óhugsandi að brýna nauðsyn beri til að dreifa húsdýraáburði á þessu tímabili að vetri til.

#### 10. grein

*Mat á ástandi lands og sjálfbærni landnýtingar.*

Gerð er athugasemd við lið 1. **Lagt er til að seinni setningin verði eftirfarandi:** *Vettvangsathugun skal framkvæmd í samráði við landeiganda og/eða réttihafa landsins sem um ræðir.*

Í lokamálsgrein greinarinnar kemur fram mótsögn. Þar segir: „Matið skal ávallt framkvæmt af Landi og skógi. Land og skógur getur þó falið öðrum framkvæmd vettvangsathugunar enda sé um að ræða aðila sem hefur hlotið til þess þjálfun og viðurkenningu Lands og skógar til að meta ástand lands“. Lagt er til að orðin „ávallt“ og „þó“ falli brott.

## 11. grein

### *Ósjálfbær landnýting og landbótaáætlun.*

Lagt er til að orðin – eða sveitarstjórnir – falli brott. Í þessum drögum að reglugerð er víða lögð áhersla á að mat á ýmsum þáttum beutilands skuli byggð á vísindalegum grunni. Ekki er vitað til þess að sveitarstjórnir hafi almennt í sinni þjónustu starfsmenn með reynslu og tilhlítandi menntun til að meta ástand lands. Þær gætu hugsanlega ráðið starfsmenn annarra vísindastofnana tímabundið til að sinna slíkum störfum, en þá þyrfti að gæta sérstaklega að því að samræmi sé á milli vinnu/aðferðarfræði „utanaðkomandi“ sérfræðinga og vinnu/aðferðafræði þeirra sem bera ábyrgð á viðmiðum almennt skv. þessari reglugerð þ.e. Lands og skóga. **Einnig þarf að vera skýrt hver fer með eftirlitsskyldu og hver ekki.** Það er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að sveitarstjórnir séu aðili sem eigi eða beri skylda til að koma með ábendingar um lélegt ástand lands.

Í 2. málsgrein er gert ráð fyrir að landbótatáætlun skuli unnin meðal annars í samráði við þá sem nytja landið. **Lagt er til að við lok fyrsta mls. fyrstu setningar verði bætt við s.s. þeirra sem nýta landið til beitar.**

Það eru ótal aðilar, aðrir en bændur, sem nýta landið í margvíslegum tilgangi s.s. til útivistar, ferðamennsku og svo framvegis. Það er því spurning hvort ekki eigi að greina á milli t.d. landbótaáætlana fyrir heimalönd/ræktuð heimalönd (eignarland) annars vegar og hins vegar landbótaáætlanir fyrir afrétti. Hvað þetta varðar er t.d. reginmunur á réttindum bæði landeigenda og almennings t.d. hvað varðar almannarétt og því eðlilegt að um sé að ræða mismunandi hagsmunaaðila.

Einnig má benda á að í mörgum tilvikum víða um landið eru búfjáreigendur að nytja lönd annarra til beitar í fullkominni óþökk landeigenda. Það á því alls ekki að hafa samráð um landbótaáætlun við þá sem það stunda. **Lagt er til að 2. mgr. í heild sinni verði:**

*Landbótaáætlunin skal unnin í samráði við landeigenda og/eða réttihafa er nytja landið. Landbótaáætlun skal staðfest af landeigendum og/eða réttihöfum, umsjónaraðilum lands og framkvæmdaaðilum, eftir því sem við á hverju sinni.*

**Varðandi 3. málsgrein er lagt til að 1. liður verði eftirfarandi:** *Landeigandi og/eða réttihafi lands.* Því til stuðnings er bent á að hugtakið ábyrgur umsjónaraðili lands er afar villandi og matskennt, og hvergi skilgreint svo vitað sé.

Í undirkaflanum á eftir 8. lið þar sem segir: Í landbótaáætlun fyrir beitarlönd skal auk þess eftirfarandi koma fram:

1. Mat á beitarálagi, ...Þetta hugtak er ekki skilgreint í drögum að reglugerðinni. En í beitarfræðum og í Sauðfjárhögum riti Landgræðslunni er hugtakið skilgreint sem mat á meðalfjölda beitarálagi á tiltekið uppskerumagn á tilteknu svæði, gefið upp í tonnum þurrefnis. Hvernig eiga þeir sem gera landbótaáætlun að vita hvað séu mörg tonn þurrefnis á viðkomandi landi? Og í öðru lagi segir þetta hugtak fagfólki og bændum ekki neitt um hvaða tegundir beitarálagi vilja éta. Ljóst er að það getur verið mikill fjöldi tonna þurrefnis á hlutaðeigandi landi sem beitarálag nýta alls ekki og beitarþungi á viðkvæmum lystugum tegundum getur verið óhóflega mikill. Dæmi er um þurrlendisrima í flóum og flæðiengjum, þar sem gnægð þurrefnistonna eru á landinu en beitarálagi bíta aðeins þurrlendisrimana, þar sem veruleg ofbeit getur orðið. Hugtakið beitarþungi er einnig ónákvæmt hugtak sem er

skilgreint sem fjöldi beitardýra á hverja flatareiningu. **Lagt er til að hugtakið beitarálag falli brott og 1. liður verði eftirfarandi:** *Mat á fyrirhuguðum fjölda og tegundum búfjár, og svo framvegis.*

Í ofangreinda grein vantar mjög tilfinnanlega ákvæði um hvernig Land og skógur skuli taka á tilvikum þar sem stofnunin samþykkir ekki öll ákvæði landbótaáætlunar.

Landeigendur og/eða rétthafar eru að „sinna“ gerð áætlunar en hún er e.t.v. óásættanleg að mati Lands og skógar og hvað skal þá gera. Sjá einnig 12. grein.

VÍN vill benda á að með reglugerðinni fylgdi greinargerð „Skýringar með beitarkafla reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu.“ Þar er m.a. komið inn á viðmiðunarsvæði í sérstökum kafla og svo í Viðauka I. Svo virðist, eftir því sem best verður séð, að hvergi með berum orðum í reglugerðinni eða í lögum um landgræðslu að Land og skógur ákveði umrædd viðmiðunarsvæði (þó lesa megi af anda laganna og reglugerðarinnar að svo sé) og skilgreini beitarálag eða vistgetu ákveðinna landsvæða út frá þeim.

## 12. grein

### *Eftirlit og eftirfylgni.*

Það er ekki nóg að eigandi og/eða rétthafi lands sinni ekki gerð landbótaáætlunar, heldur verður hér að koma ákvæði um hvað gera skuli ef samkomulag næst ekki um fullnægjandi landbótaáætlun að mati Lands og skógar. **Lagt er til eftirfarandi:** *Telji Land og skógur að eigandi og/eða rétthafi lands sinni ekki gerð landbótaáætlunar eða að stofnunin geti ekki samþykkt landbótaáætlunina, til dæmis vegna þess að ljóst sé að hún muni ekki skila ásættanlegum árangri eða að hlutaðeigandi aðili eða aðilar fylgi ekki ákvæðum hennar skal stofnunin krefjast ítölu í viðkomandi landsvæði samkvæmt lögum um afréttarmálefni fjallskil o.fl. eða fara fram á takmörkum umferðar, samanber lög um náttúruvernd.*

Framkvæmdar hafa verið að minnsta kosti 15 ítölur fyrir afréttarlönd og ein ítala fyrir staka bújörð og hefur engin þeirra skilað nokkrum árangri í gróður- og jarðvegsvernd. Enda voru það ekki tilgreind markmið þeirra laga, heldur var aðeins horft til velferðar beitardýra og skiptingu hins óbeina beitarréttar á milli bújarða. Fyrrgreind lög hafa alltaf verið meingölluð og nánast ógerlegt að framkvæma þau. Þau eru enn meingölluð og verður erfitt að framkvæma ítölu samkvæmt þeim og ekki sjáanleg fær leið til að framfylgja ítölnunni. Vissulega eru komin inn ákvæði um gróður- og jarðvegsvernd og kröfur um sjálfbæra landnýtingu. Það að tilgreina ítölugerð sem eftirfylgni með landgræðslulögunum er neyðarúrræði. Eina sjáanlega lausnin til að stuðla að árangursríku neyðarúrræði er að breyta styrkjakerfi landbúnaðarins þannig að allir styrkir verði háðir skilyrðum um sjálfbæra landnýtingu á því landi sem búfjáreigendur hafa eignarrétt á og/eða lögsögu yfir. Þannig að þá verði ekki einungis að ræða um þeirra búfé heldur einnig þeirra sem eiga ágangsfé sem gengur í óleyfi á landi annarra.

## VIÐAUKI I

### **Viðmið fyrir mat á ástandi beitarlands**

#### **Undirkafla Vettvangsathugun**

**Í lok fyrstu málsgreinar er lagt til eftirfarandi:** *.... í samstarfi og samráði við landeiganda og eða rétthafa landsins sem um ræðir.*

Vettvangsathugun felur í sér að: **Lagt er til að hér komi eftirfarandi:** Yfirfara mörk og staðfesta eignarhald umsjónaraðila og afmarka beitarland í .....

**Leiðbeiningar um úrræði til að ná markmiðum sjálfbærrar landnýtingar**

Bent er á að svo virðist sem það vanti niðurlag 2. mls. 1. liðar þessa undirkafla þ.e. á eftir .... sem þangað gengur.

VIÐAUKI II

**Leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu við akuryrkju**

2.grein

**Meginreglur sjálfbærrar landnýtingar í tengslum við akuryrkju**

**Lagt er til að upphaf fyrstu málsgreinar verði eftirfarandi:** *Nýting jarðvegs er .....*

3.grein

**Um mat á sjálfbærni akuryrkju.**

Lagt er til að í upphafi þriðju málsgreinar verði orðið með fellt út. **Setningin verði eftirfarandi:** *Akuryrkju er æskilegt að skipuleggja til a.m.k. 5 ára í senn í átt að sjálfbærni og jarðvegsvernd.*

4.grein

**Leiðbeiningar um aðgerðir í akuryrkju til að stuðla að sjálfbærri nýtingu lands.**

Í fyrstu málsgrein segir: ...draga úr hættu á jarðvegsrofi með vatni og/eða vindi, ...

**Lagt er til að þarna komi:** ... *draga úr hættu á vind- og/eða vatnsrofi*

**Völtun til varnar gegn rofi í ökrum:** Mjög brýnt er að skilgreina orðið flagvaltari. Hann getur verið með ýmsu móti. Algengast er að þeir séu þungir sívalningar með sléttu yfirborði. Séu þeir notaðir í ökrum með jarðvegi sem er ríkur af gosefnum og því afar foggjarn, leiðir það til stórfelldrar áhættu af jarðvegsfoki. Undantekningarlaust ætti að nota rásaðan flagvaltara. **Lagt er til að önnur setning verði eftirfarandi.** *Þessu má ná við gerð sáðbeds, eða ná fram með völtun með rásuðum flagvaltara. Lagt er til að síðasta setning þessa undirkafla verði eftirfarandi:* *Einnig má nýta vatnsúðun frá vökvunarkerfum eða dreifingu.....*

**Ræktun þekjandi tegunda til jarðvegsverndar samhliða aðaluppskeru:** **Lagt er til að í lok setningarinnar komi** ... *þar til vöxtur uppskerutegunda er nægjanlegur.* Til skýringar skal þess getið að það er ekki nóg að uppskera til dæmis á fræi verði nægjanleg.

**Skiptirækt – sáðskipti:** **Lagt er til að fyrsta setningin verði:** *Skipulögð sáðskipti, það er ræktunarskipulag sem felur í sér ræktun .....*

**Varðbelti, varnarsvæði eða öryggissvæði:** Lagt er til að í annarri setningu verði orðið fjölbreytileika fellt út. **Setningin verði:** *Í sumum tilvikum geta (ekki gæta) slík græn varðbelti bætt dýralíf og viðhaldið líffræðilegri fjölbreytni svæða.*

**Lagt er til að síðasta setning á blaðsíðunni verði eftirfarandi:** *Skjóláhrifin geta haft jákvæð áhrif á ræktun, aukið jarðvegshita og jafnað rakadreifingu á akrinum og þar með*

gefið aukna uppskeru og jafnari. Til skýringar þá er málvenja að tala um afurðir af búfé og uppskeru í akuryrkju.

Í annarri línu á næstu blaðsíðu er rétt að breyta Skógræktina í Land og skóg (lög 2023 nr. 66 22. júní) .....

**Vistfræðileg verndarsvæði: Lagt er til að orðið skógræktarsvæði verði felld út í seinni setningu undirkaflans og hún verði eftirfarandi:** *Þar væri um að ræða t.d. landlagsheildir og/eða verndar- og varnarsvæði innan býlis.* Til skýringar er rétt að benda á að skógræktarsvæði geta ógnað ákveðnum náttúrulegum vistkerfum eða búsvæðum dýra s.s. ýmsum vernduðum fuglategundum eða mikilvægum vistgerðum og jafnframt, eftir trjátegundum, valdið lækkandi sýrustigi jarðvegs og eiga því ekki heima í þessum flokki. Hér þarf að ganga út frá því að með Vistfræðilegum verndarsvæðum sé átt við svæði sem stuðla að vernd lífríkis á Íslandi eða á viðkomandi svæði.

**Landbúnaðarskógrækt:** Lagt er til að sleppa getgátum um að skjólbelti auki kolefnisbindingu. Engar rannsóknaniðurstöður liggja fyrir þar að lútandi. Og lagt er til að fjölbreytileika verði breytt í fjölbreytni til samræmis við notkun hugtaksins líffræðileg fjölbreytni. **Setningin verði því:** *Getur falið í sér t.d. skjólbelti á landbúnaðarsvæðum, sem geta dregið úr vindrofi, bætt vatnsgæði og viðhaldið líffræðilegri fjölbreytni.*

**Rask vegna jarðvinnslu er lágmarkað til jarðvegsverndar: Lagt er til að í lok þessa undirkafla komi ný setning:** *Uppskerumestu túngrösin minnka uppskeruna á tiltölulega fáum árum. Endurnýjun þeirra í skiptirækt viðheldur hámarks uppskeru túngrasa.*

**Minni jarðvinnsla:** Lagt er til að orðin plæging í rákir/hryggi verði felld út í fyrstu setningunni. **Setningin verði eftirfarandi.** *Minni jarðvinnsla getur verið með margvíslegum hætti, þar með talin grynri jarðvinnsludýpt eða rákun yfirborðs.*

**Engin jarðvinnsla:** Lagt er til að síðustu setningunni verði breytt þar sem hér er verið að fjalla um sáningu í yfirborð á öröskuðu landi og þar er því enginn sáðbeður. Hann er aðeins þar sem landi hefur verið raskað með jarðvinnslu. **Setningin verði þannig:** *Sáð verði beint í yfirborð óraskað lands. Til viðbótar komi þessi setning: Þar sem plöntueyðandi efni eru notuð við slíka sáningu telst akuryrkjan ekki sjálfbær.*

**Jarðvinnsla er óæskileg síða árs og til vors, 1. nóv. til 1. mars:** Áður hefur verið bent á í umsögn um 7. grein þessarar reglugerðar að ofangreind tímamörk eru of þröng. Það er óréttlæt看legt að leyfa jarðvinnslu eftir 1. september. Þá eru allir akuryrkjubændur löngu búnir að sá tvíærum vetrartegundum, hvort heldur sem er vetrarbyggi eða vetrarrepju svo dæmi séu tekin. Engin knýjandi þörf er á að heimila jarðvinnslu fyrr en eftir 1. apríl. Víðast hvar á landinu er frost ennþá í jörðu og/eða akrar forblautir og ekki hæfir til jarðvinnslu.

**Hæfileg notkun áburðar og varnarefna: Lagt er til að tvö síðustu orðin það er -eða ágang- í fyrstu setningu verði felld út, enda óskiljanleg bændum og öðrum er málið varða.**

Tillaga um viðbótarákvæði:

**Jarðvinnsla í samræmi við halla landsins.** Öll jarðvinnsla, sáning og plöntun nytjaplantna skal ávallt vera þvert á halla landsins. Aldrei skal stunda akuryrkju í hlíðum

með meira en 15% halla vegna hættu á vatnsrofi og útskolun næringarefna og mengunarhættu.

Virðingarfyllst,  
f.h. VÍN, vina íslenskrar náttúru

A handwritten signature in blue ink that reads "Sveinn Runólfsson".

---

Sveinn Runólfsson,  
formaður.